



Sjúkratryggingar  
Íslands

HJÁLPARTÆKJAMIÐSTÖÐ

# Gervilimir

1. janúar 2020 - 31. desember 2022



# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Reglugerð nr. 760/2021 um styrki vegna hjálpartækja og útdráttur úr fylgiskjali með reglugerð .....	3
Útdráttur úr fylgiskjali með reglugerð nr. . 760/2021.....	9
Samningar um kaup á gervilimum.....	11
Skilgreiningar .....	12
Gervihendur.....	12
Gervifætur .....	13
Leiðbeiningar varðandi útfyllingu umsóknareyðublaða.....	14
Viðhalds- og viðgerðarþjónusta .....	14
Vörulisti gervilima.....	15

Útgefandi: Sjúkratryggingar Íslands  
Allar upplýsingar í vörulista eru á ábyrgð seljenda  
Ábyrgðarmaður: Júlíana Hansdóttir Aspelund  
Netútgáfa upplýsingaheftis á heimasíðu: [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is)  
Tölvupóstur: sjukra@sjukra.is

Allar upplýsingar, málfar og framsetning í vörulista er alfarið á ábyrgð þess seljanda sem í hlut á.

Öll réttindi áskilin. Heimilt er að afrita vörulistann að hluta eða í heild og birta, enda sé heimildar ávallt getið.

# Inngangur

Í kjölfar útboðs hafa Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) gert samninga við tvö fyrirtæki um kaup á gervilimum.

**Fyrirtækin eru þessi:**

**Stoð ehf., Stoðtækjasmíði**  
**Össur Iceland Clinic ehf.**

**Trönuhrauni 8**  
**Grjóthálsi 5**

**220 Hafnarfirði**  
**110 Reykjavík**

Hér er að finna yfirlit yfir þá gervilimi sem SÍ hafa gert samning um kaup á frá 1. janúar 2020 fyrir þá sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og slysatryggðir samkvæmt almannatryggingalögum.

Við hvert stoðtæki eða íhlut í vörulista (kafli VI) kemur fram hvaða fyrirtæki er með samning við SÍ um kaup á viðkomandi tæki. Þátttaka SÍ í kaupum á stoðtækinu er háð því að tækið sé fengið hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

Verðið er heildarverð með virðisaukaskatti og innifelur viðeigandi aðlögun, mátun og leiðbeiningar við notkun stoðtækis eftir því sem við á. Verð á viðgerðum og viðhaldi er tilgreint á bls. 13. Tilgreint verð miðast við 1. janúar 2020 og getur breyst samkvæmt ákveðnum reglum.

Hér er einnig að finna reglugerð nr. 760/2021 um styrki vegna hjálpartækja með síðari breytingum og útdrátt úr fylgiskjali með reglugerð, svo og upplýsingar um samninga um kaup á gervilimum og skilgreiningar.

Einnig hefur Landspítali gert samninga við áður nefnd fyrirtæki um kaup á sömu vörum.

# Reglugerð nr. 760/2021 um styrki vegna hjálpartækja og útdráttur úr fylgiskjali með reglugerð

## REGLUGERÐ um styrki vegna hjálpartækja.

### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

##### Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um styrki sjúkratrygginga almannatrygginga til að afla nauðsynlegra hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða, skv. 26. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Sjúkratryggingar Íslands annast framkvæmd reglugerðar þessarar. Í þeim tilgangi rekur stofnunin sérstaka hjálpartækjamiðstöð.

Sjúkratryggðir eiga rétt á styrkjum vegna hjálpartækja samkvæmt reglugerð þessari. Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar, nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn. Að öðru leyti gilda um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi ákvæði í 10.-16. gr. laga um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur teljist Sjúkratryggður.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar.

Hjálpartæki er tæki sem ætlað er að draga úr fötlun, aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun. Hjálpartækið verður jafnframt að teljast nauðsynlegt og hentugt til að auðvelda athafnir daglegs lífs.

### II. KAFLI

#### Styrkir vegna hjálpartækja.

##### 3. gr.

##### Réttur til styrkja.

Sjúkratryggingar Íslands greiða styrki vegna hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða til að auðvelda einstaklingum að takast á við athafnir daglegs lífs. Einkum er um að ræða hjálpartæki til Sjálfsbjargar og öryggis og í ákveðnum tilvikum til þjálfunar og meðferðar. Styrkur er ekki greiddur ef hjálpartæki er eingöngu til nota í frístundum eða til afþreyingar (þ. á m. útivist og íþróttir). Tæki til líkamsæfinga flokkast ekki undir hjálpartæki skv. þessari reglugerð. Þá er ekki veittur styrkur til að kaupa almenn tæki, svo sem heimilistæki, nema þegar um er að ræða aukabúnað eða séraðlöggun. Enn fremur er ekki

veittur styrkur til að kaupa (auka) hjálpartæki til að hafa á heimili aðstandenda ef viðkomandi býr annars staðar eða á heimavist skóla.

Þeir sem búa á sambýli eiga sama rétt og þeir sem búa á einkaheimilum til einstaklingsbundinna hjálpartækja, svo sem göngutækis, sér útbúins rúms og hjálpartækja til að klæðast. Ef um er að ræða tæki sem geta nýst fleiri einstaklingum á sambýlinu, svo sem standbekk, lyftara og baðtæki, er aðeins veittur styrkur vegna eins slíks tækis á sambýlið. Sækja þarf um tækið til Sjúkratrygginga Íslands fyrir tilgreindan einstakling á sambýlinu þó aðrir geti samnýtt þau. Ef einstaklingurinn flytur úr sambýlinu tekur hann tækin með sér og er þá unnt að sækja um fyrir annan aðila á sambýlinu sem þarf að nota slík tæki. Styrkir eru ekki veittir vegna veggfastra tækja og búnaðar á sambýlum, svo sem handfanga, handriða og lyfta.

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að veita styrki vegna tveggja hjálpartækja af sömu gerð til mikið fatlaðra barna og unglunga sem vegna skólagöngu (leikskóla og grunnskóla) eða dvalar á þjálfunar- og dagvistunarstofnunum yrðu ella að vera án hjálpartækja sinna daglangt. Skal þá annað hjálpartækið vera til nota á heimili og hitt í skóla eða á stofnun. Hér er að jafnaði um að ræða sérhannaða stóla, standgrindur og göngugrindur.

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að veita styrki vegna tveggja hjálpartækja af sömu gerð til barna sem eiga fasta búsetu á tveimur stöðum, heimildin nær til hjálpartækja við salernisferðir, sjúkrarúma, dýna og stuðningsbúnaðar.

4. gr.

Styrkir.

Styrkir eru eingöngu veittir til kaupa á þeim hjálpartækjum sem tilgreind eru í fylgiskjali með reglugerð þessari, að uppfylltum öðrum skilyrðum reglugerðarinnar. Í fylgiskjalinu er hjálpartækjunum raðað eftir flokkunarkerfi hjálpartækja EN ISO9999:2016. Styrkur getur ýmist verið greiddur sem ákveðið hlutfall af verði hjálpartækis og/eða ákveðin fjárhæð til kaupa á hjálpartæki.

Þegar um er að ræða samninga Sjúkratrygginga Íslands í kjölfar útboðs, sbr. IV. kafla laga um sjúkratryggingar, er styrkur frá stofnuninni háður því að hjálpartæki sé keypt hjá tilteknu samningsbundnu fyrirtæki. Sjúkratryggingar Íslands skulu veita upplýsingar um aðila sem stofnunin hefur gert samninga við og um hvaða hjálpartæki er að ræða. Þar sem stofnunin hefur ekki gert samninga er leitað tilboða í einstök hjálpartæki og vörur eða gerðar verðkannanir og styrkveiting miðuð við það verð. Styrkur frá stofnuninni er þannig ávallt bundinn við tiltekna tegund og gerð hjálpartækis.

Sjúkratryggingar Íslands veita innkaupaheimildir sem gilda ýmist í eitt, fimm eða tíu ár eftir atvikum hverju sinni vegna einnota hjálpartækja, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari. Ef um ævilangt sjúkdómsástand er að ræða er stofnuninni heimilt að samþykkja innkaupaheimildir sem gilda lengur. Innkaup sjúkratryggðra hverju sinni skulu aldrei vera meiri en sem nemur þriggja mánaða notkun. Stofnunin getur afturkallað áður útgefið skírteini eða veitta innkaupaheimild ef eigandi þess notar það til að taka út vörumagn sem er í ósamræmi við það stig sjúkdóms eða fötlunar sem er forsenda útgáfu skírteinisins eða innkaupaheimildar.

### III. KAFLI

#### Sérreglur um hjálpartæki.

5. gr.

Hjálpartæki til þeirra sem eru á stofnunum.

Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki styrki vegna hjálpartækja til þeirra sem dveljast á heilbrigðisstofnunum, öldrunarstofnunum eða sambærilegum stofnunum. Í þeim tilvikum skal viðkomandi sjúkrahús eða heimili sjá hlutaðeigandi einstaklingum fyrir öllum hjálpartækjum, sbr. t.d. reglugerð nr. 427/2013, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu og 5. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með

langvarandi stuðningsþarfir, með síðari breytingum. Sjúkratryggingar Íslands greiða þó styrki til þeirra sem dveljast á sjúkrahúsi eða stofnun vegna hjólastóla með skilaskyldu að notkun lokinni. Hið sama á við um einnota vörur fyrir einstaklinga með gildandi innkaupaheimild frá Sjúkratryggingum Íslands á meðan þeir dveljast þar til skamms tíma (skammtímadvöl), þó að hámarki sex vikur, enda sé þörfin fyrir vörurnar ekki beinlínis vegna innlagnarinnar.

Einstaklingur sem útskrifast af sjúkrahúsi og býr í heimahúsi á rétt á styrk frá Sjúkratryggingum Íslands vegna kaupa á hjálpertækjum sem beinlínis er aflað til að viðkomandi geti útskrifast.

Þegar einstaklingur dvelst á stofnun ber að skila skilaskyldum hjálpertækjum til hjálpertækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands að undanskildum hjólastólum, göngugrindum og sérstaklega aðlöguðum tjáskiptatækjum. Hjólastólum, göngugrindum og tjáskiptatækjum skal skilað þegar einstaklingur þarf ekki lengur á þeim að halda.

#### 6. gr.

##### Hjálpertæki til heyrnar- og sjónskertra.

Heyrnar- og talmeinasstöð útvegar hjálpertæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausu og þá sem eru með heyrnar- og talmein samkvæmt lögum nr. 42/2007, um Heyrnar- og talmeinasstöð. Í þeim tilvikum sem heilbrigðisráðherra hefur veitt öðrum en Heyrnar- og talmeinasstöð heimild til að selja heyrnartæki getur einstaklingur snúið sér til þess aðila vegna kaupa á heyrnartæki. Um styrki til þeirra sem eru með heyrnarmein fer samkvæmt reglugerð nr. 1118/2006, um greiðsluþátttöku ríkisins í hjálpertækjum sem Heyrnar- og talmeinasstöð útvegar, og reglugerð nr. 146/2007, um styrki vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinasstöð.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskertra og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu annast úthlutun sérhæfðra hjálpertækja, sbr. lög nr. 160/2008, um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

#### 7. gr.

##### Hjálpertæki vegna náms og atvinnu.

Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki styrki vegna kaupa á hjálpertækjum til náms og atvinnu. Sveitarfélög þar sem fatlaðir einstaklingar eiga lögheimili annast afgreiðslu umsókna vegna hjálpertækja til náms fyrir 16 ára og eldri og atvinnu fyrir 18 ára og eldri skv. 25. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og samkvæmt leiðbeinandi reglum ráðherra. Um nemendur í grunnskóla fer skv. 17. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, með síðari breytingum, sbr. þó 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.

#### 8. gr.

##### Ökupjálfun.

Sjúkratryggingar Íslands greiða styrki vegna ökupjálfunar að undangengnu ökuhæfnismati sem leiðir í ljós nauðsyn ökupjálfunar vegna sérhæfðra hjálpertækja til stjórnunar bifreiðar. Styrkur til ökupjálfunar skal nema að hámarki tíu ökutímum en heimilt er að samþykka allt að tíu viðbótartíma að fenginni rökstuddri greinargerð þeirra sem annast ökuhæfnismat samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Stofnunin getur ákveðið að ökupjálfunin verði einungis gerð í tengslum við endurhæfingarstað sem annast ökuhæfnismat.

Styrkur vegna ökupjálfunar er ekki veittur til þjálfunar í almennum ökuskóla heldur einungis til ökupjálfunar í eigin bifreið einstaklings og þegar aðstæður kalla á frekari þjálfun en almennt gerist. Skal styrkurinn vera 70% af samþykktum kostnaði.

Styrkur til ökuþjálfunar skal eingöngu veittur þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Umsækjandi hefur sjálfur ökuréttindi og er skráður eigandi bifreiðarinnar. Ef umsækjandi hefur ekki haft ökuréttindi áður þá skal hann hafa staðist bóklegan hluta náms til ökuréttinda.
2. Nauðsyn á bifreið vegna hreyfihömlunar er ótvíræð og mat á hreyfihömlun liggur fyrir.
3. Mat á ökuhæfni liggur fyrir.

Ökuþjálfun skal fara fram í samræmi við gildandi reglugerð um ökuskírteini.

#### IV. KAFLI

##### Ýmis ákvæði.

9. gr.

##### Umsóknir um hjálpartæki.

Sækja þarf um styrk frá Sjúkratryggingum Íslands til kaupa á hjálpartæki á sérstökum umsóknum til stofnunarinnar og skal það gert áður en fest eru kaup á hjálpartæki. Umsækjanda er skylt að veita stofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að unnt sé að taka ákvörðun um rétt til styrks, fjárhæð hans, greiðslu og endurskoðun.

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Reikningsskil skulu vera á því formi sem Sjúkratryggingar Íslands ákveða og getur stofnunin farið fram á að reikningar, umsóknir og önnur gögn séu á rafrænu formi.

Við mat á umsókn skal meta heildarástand einstaklingsins. Í umsókninni skal ávallt koma fram mat á þörf fyrir hjálpartæki frá þeim heilbrigðisstarfsmanni sem vinnur að lausn fyrir viðkomandi einstakling enda hafi heilbrigðisstarfsmaður enga fjárhagslega hagsmuni tengda umsókninni. Enn fremur skal koma fram lýsing á skertri færni og rökstuðningur fyrir hjálpartæki. Þegar um er að ræða fyrstu umsókn er umsögn heilbrigðisstarfsmanns nauðsynleg. Í tilviki fyrstu umsóknar um meðferðarhjálp (þ.m.t. stoðtæki í meðferðarskyni) skal umsögn lækni fylgja. Sjúkratryggingar Íslands geta áskilið að lagt sé fram vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis. Ef breyting verður á sjúkdómsástandi/fötlun getur þurft nýtt vottorð/umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmanns. Ætíð er krafist nýs vottorðs með umsókn ef ekki er samræmi milli þeirra hjálpartækja sem um er sótt og þeirra lækni- og fræðilegu upplýsinga sem áður hafa borist með umsókn til Sjúkratrygginga Íslands.

Sá heilbrigðisstarfsmaður sem hlut á að umsókn skal leitast við að tryggja að hjálpartækið nýtist sem best, t.d. með viðeigandi eftirfylgni og endurhæfingu.

Þegar um ný hjálpartæki er að ræða þar sem lítil eða engin þekking eða reynsla liggur fyrir geta Sjúkratryggingar Íslands áskilið staðfestingar um gagnreynda meðferð og reynslu tækis.

10. gr.

Ákvarðanir um styrki.

Allar umsóknir um styrki vegna hjálpartækja skulu afgreiddar svo fljótt sem kostur er og skulu styrkir reiknaðir frá þeim degi sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til þeirra.

Styrkir skulu aldrei ákvarðaðir lengra aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn og/eða önnur gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að taka ákvörðun um rétt til styrks og fjárhæð styrks berast stofnuninni.

Ákvarðaðir styrkir falla niður ef þeir eru ekki nýttir innan tólf mánaða, en ákvarða má styrk á ný ef rökstudd umsókn berst.

11. gr.

Ráðgjöf, endurnýting, skilaskylda o.fl.

Sjúkratryggingar Íslands skulu veita umsækjendum ráðgjöf og upplýsingar um hjálpartæki, aðstoða við val á hjálpartækjum og við afgreiðsluferlið. Skal stofnunin sjá um endurnýtingu þeirra hjálpartækja sem við á. Jafnframt skal stofnunin annast uppsetningu, breytingar, sérsníði og aðstoð við aðlögun hjálpartækja fyrir notendur eða sjá um að aðrir aðilar annist þessa þjónustu. Stofnunin skal annast nauðsynlegt viðhald og viðgerðir á hjálpartækjum sem eru í eigu hennar eftir að ábyrgð seljenda er útrunnin.

Að notkun lokinni ber að skila hjálpartækjum sem hægt er að endurnýta. Tækin eru í eigu Sjúkratrygginga Íslands og ber að fara vel með þau. Endurnýtanlegum hjálpartækjum öðrum en spelkum og gervilimum ber að skila til hjálpartækjamiðstöðvar stofnunarinnar. Spelkum og gervilimum ber að skila til þeirra stoðtækjafyrirtækja sem hafa smíðað eða útvegað viðkomandi tæki.

12. gr.

Stjórnarsýslukærur.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð styrks vegna hjálpartækja samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að kæra ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því umsækjanda/aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Á skrifstofum Sjúkratrygginga Íslands skulu liggja frammi eyðublöð í þessu skyni og veita starfsmenn stofnunarinnar nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra.

Sjúkratryggingar Íslands skulu láta nefndinni í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar er nefndin telur þörf á.



V. KAFLI

**Gildistaka o.fl.**

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, tekur gildi 1. júlí 2021. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1155/2013, um styrki vegna hjálpartækja, með síðari breytingum.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 14. júní 2021.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

Guðlaug Einarsdóttir.

# Úrdráttur úr fylgiskjali með reglugerð nr. 760/2021

## Skilgreiningar og skýringar:

- Lífeyrisþegi:* Sá sem hefur í gildi örorkuskírteini frá Tryggingastofnun ríkisins eða er 67 ára eða eldri.
- Börn/unglingar:* Börn og unglingar yngri en 18 ára.
- Innkaupaheimild:* Innkaupaheimild veitt af Sjúkratryggingum Íslands vegna einnota hjálpartækja sem gildir ýmist í eitt ár, fimm ár eða tíu ár.
- 50/70/80/90/95/100%: Þátttaka Sjúkratrygginga Íslands í greiðslu á hjálpartæki er 50%, 70%, 80%, 90%, 95% eða 100%.

## 0618 Gervihandleggir og -hendur.

Fyrsta og önnur viðgerð á gervilimum á ári eru greiddar 100% en síðari viðgerðir 70%. Samþykkt er hámark ein hörð hulsa (ytri hulsa) og tvær mjúkar hulsur (innri hulsur) á gervilim á ári eða eftir mati. Virkir einstaklingar eiga rétt á gervilim til skiptanna.

Útlit getur verið með eftirfarandi hætti:

1. Svamp- og plastútlit í einum lit.
2. Plastefni sprautað úr brúsa á svamp/plast til að fá ákveðið útlit.
3. Silikon (silikonhanski) með ákveðnu (stöðluðu) útliti, þ.e. val um nokkra liti.
4. Silikon (silikonhanski) með nákvæmri eftirlíkingu á húðlit notandans (þ.e. sérstök málun eftir notandanum). Skilyrði fyrir greiðslu Sjúkratrygginga Íslands er að fyrir liggi rökstudd staðfesting sérfræðings á viðkomandi sviði (t.d. geðlæknis, sálfræðings) á að brýn þörf sé á slíku útliti vegna sálræns vanda og/eða félagslegra aðstæðna.

- 06 18 06 Gervihandleggir frá úlnlið 100% (ytri hulsur, án liða, innri hulsa og handa/króka)
- 06 18 09 Gervihandleggir frá framhandlegg 100% (ytri hulsur, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
- 06 18 12 Gervihandleggir frá olnboga 100% (ytri hulsa, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
- 06 18 15 Gervihandleggir frá upphandlegg 100% (ytri hulsa, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
- 06 18 18 Gervihandleggir frá öxl 100% (ytri hulsa, tengingar og klæðningar en án liða, innri hulsa og handa/króka)
- 06 18 24 Gervihendur 100%
- 06 18 25 Krókar fyrir gervihandleggi 100%
- 06 18 26 Gripáhöld fyrir gervihandleggi 100% (önnur en krókar)
- 06 18 30 Gerviúlnliðir fyrir gervihandleggi 100%
- 06 18 33 Gerviolnbogaliðir fyrir gervihandleggi 100%
- 06 18 36 Gerviaxlarliðir fyrir gervihandleggi 100%
- 06 18 42 Harðar hulsur fyrir gervihandleggi (ytri hulsur) 100% 06 18 45 Mjúkar hulsur fyrir gervihandleggi (innri hulsur) 100%
- 06 18 45 Mjúkar hulsur fyrir gervihandleggi (innri hulsur) 100%
- 06 18 57 Útlitshanskar fyrir gervihendur 100%
- 06 18 90 Viðgerðir á gervihandleggjum 70/100%

## 624 Gervifótleggir og -fætur.

Fyrsta og önnur viðgerð á gervilimum á ári eru greiddar 100% en síðari viðgerðir 70%. Greitt er fyrir hámark eina harða hulsu (ytri hulsu) og tvær mjúkar hulsur (innri hulsur) á gervilim á ári eða eftir mati. Virkir einstaklingar eiga rétt á gervilim til skiptanna.

Útlit getur verið með eftirfarandi hætti:

1. Svamp- og plastútlit í einum lit.
2. Plastefni sprautað úr brúsa á svamp/plast til að fá ákveðið útlit.
3. Silikon með ákveðnu (stöðluðu) útliti, þ.e. val um nokkra liti.

06 24 03	Gerviframleistar (þ.m.t. táfyllingar) 100%
06 24 06	Gervifótleggir frá ökkliði 100% (ytri hulsur, án liða, innri hulsu og framleista)
06 24 09	Gervifótleggir frá kálfa 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsu og framleista)
06 24 12	Gervifótleggir frá hné 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsu og framleista)
06 24 15	Gervifótleggir frá læri 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsu og framleista)
06 24 18	Gervifótleggir frá mjöðm 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsu og framleista)
06 24 21	Gervifótleggir frá bol 100% (ytri hulsur, tengingar, e.t.v. klæðningar en án liða, innri hulsu og framleista) 06 24 27 Gervifætur (gerviframleistafætur) 100%
06 24 30	Gerviökkliðir fyrir gervifótleggi 100%
06 24 31	Höggdempaparar í gerviliði fyrir gervifótleggi 100%
06 24 32	Snúningsliðir fyrir gervifótleggi 100%
06 24 33	Gervihnjáliðir fyrir gervifótleggi 100%
06 24 36	Gervimjaðmarliðir fyrir gervifótleggi 100%
06 24 40	Mjúkar hulsur fyrir gervifótleggi 100%
06 24 41	Harðar hulsur fyrir gervifótleggi 100%
06 24 47	Útlitsfætur/útlitsklæðning fyrir gervifætur 100%
06 24 90	Viðgerðir á gervifótleggjum 70/100%
06 24 91	Stúfsokkar vegna gervifótleggja 100%
06 24 92	Gervibaðfótleggir frá kálfa 70%, þó aldrei hærri upphæð en 200.000 kr.
06 24 93	Gervibaðfótleggir frá læri 70%, þó aldrei hærri upphæð en 290.000 kr.

## Samningar um kaup á gervilimum

Hér er að finna yfirlit yfir allar þær tegundir stoðtækja sem samningarnir um kaup á gervilimum ná til og sem SÍ taka þátt í kaupum á fyrir þá sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Við hvert og eitt stoðtæki í vörulistanum kemur fram hvaða fyrirtæki er með samning við SÍ um kaup á viðkomandi tæki. Þátttaka SÍ í kaupum á stoðtæki er hér háð því að tækið sé fengið hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

Fyrirtækin eru eftirfarandi:

- **Stoð ehf, Stoðtækjasmíði**
- **Össur Iceland Clinic ehf**

### Kaup á stoðtækjum

Kaup á stoðtækjum, (gervilimum) verða aðeins gerð, að fyrir liggja formlegt samþykki SÍ á umsókn um stoðtæki. Þátttaka SÍ í kaupum á ákveðnu stoðtæki er háð því, að tækið sé fengið hjá tilgreindu samningsbundnu fyrirtæki.

### Afhending stoðtækja

Viðkomandi fyrirtæki ber ábyrgð á afhendingu umsaminna stoðtækja til notenda. Fyrirtækið skal afhenda notendum, sem búa eða dveljast í nágrenni starfsstöðvar, umsamin stoðtæki á starfsstöð sinni. Þeim sem búa eða dveljast í öðrum landshluta en starfsstöð er staðsett, skulu afhent stoðtækin í tengslum við umsamdar reglubundnar ferðir fyrirtækisins í viðkomandi landshluta eða skv. samkomulagi við hvern og einn. Að öðrum kosti skal koma stoðtækjum á pósthönd.

Í afhendingu er innifalin aðlögun, mátun og skriflegar íslenskar leiðbeiningar um notkun stoðtækjanna eins og við á hverju sinni. Verktaki skal ennfremur sinna öllum sanngjörnum óskum notanda um frekari leiðbeiningar um notkun stoðtækis án sérstaks endurgjalds. Breytingar og/eða aðlögun stoðtækis innan þriggja mánaða frá afhendingu stoðtækisins er innifalin í verði þess. Öll framangreind þjónusta er innifalin í verði tækjanna.

Afhendingartími, þ.e. sá tími sem tekur að útvega eða smíða og aðlaga stoðtæki, skal almennt vera ein til fimm vikur frá móttöku formlegs samþykkis SÍ eða móttöku vöru-/verkpöntunar. Í sérstökum tilvikum getur SÍ samþykkt lengri afhendingartíma að fenginni rökstuddri greinargerð frá fyrirtæki.

### Verð á stoðtækjum

Verð á umsömdum stoðtækjum er tilgreint í vörulistanum. Verðið er heildarverð með virðisaukaskatti og felur í sér viðeigandi aðlögun og leiðbeiningar í notkun hvers hjálpartækis eftir því sem við á. Tilgreint verð miðast við 30. ágúst 2019 og getur breyst samkvæmt ákveðnum reglum.

### Reikningar

Fyrirtækin senda SÍ reikninga í kjölfar afhendingar á tæki. Notandi eða aðstandandi hans þarf að staðfesta móttöku stoðtækis með undirskrift sinni. Notandi greiðir fyrirtækinu sinn hluta í verðinu þar sem það á við.

### Ábyrgð

Fyrirtækin ábyrgjast að geta ætíð útvegað stoðtæki, varahluti og annað, sem tryggir fullnægjandi þjónustu. Þau bera tveggja ára ábyrgð á framleiðslugalla í stoðtæki og á tjóni, sem hlýst af ágalla á stoðtækis.

# Skilgreiningar

Gervilimir í vörulista eru flokkaðir samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi hjálpartækja IST EN ISO 9999:2002. Gervihendur eru síðan flokkaðar nánar út frá starfrænni lýsingu og gervifætur með tilliti til gönguvirkni.

## Gervihendur

**Starfræn lýsing** - aðgreining gervihanda í fimm undirflokkum eftir stýribúnaði

- E Stuðningsgervihendur** (ekki hreyfanlegar).
- H Hendur sem eru hreyfðar / stýrt með hinni hendinni.**
- O Hendur sem stýrt er með ólabúnaði.**
- R Rafstýrðar hendur.**
- S Hendur með samsettan stýribúnað, rafstýringu og t.d. ólabúnaði.**

Við umsókn um rafstýrðar gervihendur og gervihendur með samsettan stýribúnað (sbr. flokk R og S að ofan) þarf umsækjandi við fyrstu umsókn að gangast undir mat endurhæfingaraðila um hvort og hvernig hönd hentar ásamt aðlögun og e.t.v. endurhæfingu.

## Útlitsflokkun

Ef útlitsflokkur er ekki tilgreindur í vörulista er um að ræða útlitsflokk 1.

1. Svamp- og plastútlit í einum lit.
2. Plastefni sprautað á svamp/plast til að fá ákveðið útlit.
3. Silikon (silikonhanski) með ákveðnu (stöðluðu) útliti, þ.e. val um nokkra liti (tilgreina skal fjölda lita).
4. Silikon (silikonhanski) með nákvæmri eftirlíkingu á húðlit notandans (þ.e. sérstök málun eftir notandanum).

Forsenda fyrir greiðslu SÍ á útlitsflokk 4 er að fyrir liggi rökstudd staðfesting sérfræðings á viðkomandi sviði (t.d. geðlæknis, sálfræðings) á að þörf sé á þessu til að rjúfa félagslega einangrun.

## Gervifætur

### Skilgreining með tilliti til gönguvirkni

Eftirfarandi skilgreiningum er ætlað að vera leiðbeinandi við val á gervifótleggjum út frá virkni og líkamlegu ástandi. Athugið að ekki er veittur styrkur fyrir fætur í stigi 0.

### Stig 0 Engin göngugeta

Fyrst og fremst útlitsfótur, sem getur nýst sem stuðningur við flutning með aðstoð en er ekki notaður til göngu. Eykur ekki hreyfigetu.

### Stig 1 Takmörkuð göngugeta innandyr/ á sléttu undirlagi

Takmörkuð göngugeta (stuttar vegalengdir) með gönguhjálpartæki og/eða stuðningi. Innandyr að mestu eða á sléttu undirlagi. Takmörkuð virkni í frumathöfnum daglegs lífs.

### Stig 2 Takmörkuð göngugeta utanhúss

Minnkuð virkni sökum aldurs eða almenns ástands. Gengur styttri vegalengdir án gönguhjálpartækja, takmörkuð göngugeta utandyra, ræður við takmarkaðar mishæðir í umhverfi. Virkni í frumathöfnum daglegs lífs og þátttaka í félagslífi.

### Stig 3 Góð göngugeta

Góð göngugeta án gönguhjálpartækja, ræður við mismunandi göngulag, hraða, mishæðir og flestar hindranir í umhverfi. Full virkni í athöfnum daglegs lífs, fötlun hindrar ekki né hamlar þátttöku í atvinnu og félagslífi.

### Stig 4 Mjög góð göngugeta, þolir mikið álag

Mjög góð göngugeta, einstaklingar sem eru mjög vel á sig komnir, hafa mikið gönguþol, ráða við mismunandi hraða, mishæðir og hindranir í umhverfi. Full virkni í athöfnum daglegs lífs, fötlun hindrar ekki né hamlar þátttöku í atvinnu- og félagslífi. Ástundar íþróttir, útvist og/eða hreyfingu.

### Útlitsflokkun

Útlit getur verið með eftirfarandi hætti. Ef útlitsflokkur er ekki tilgreindur í vörulista er um að ræða útlitsflokk 1.

1. Svamp- og plastútlit í einum lit.
2. Plastefni sprautað úr brúsa á svamp/plast til að fá ákveðið útlit.
3. Silikon með ákveðnu (stöðluðu) útliti, þ.e. val um nokkra liti (tilgreina skal fjölda lita).

Umsókn um gervifætur með útliti 2 og 3 þarf að fylgja rökstudd greinargerð um þörf fyrir slíkt útlit.

## Leiðbeiningar varðandi útfyllingu umsóknareyðublaða

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) vinna markvisst að því að efla rafræna þjónustu við viðskiptavinum sína. Heilbrigðisstarfsmenn geta sent rafrænar umsóknir um hjálpartæki í Gagnagátt og Sögu sjúkraskrá, sjá á upplýsingar um gátt á vef SÍ; [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is) og í Sögu sjúkraskrárkerfi. Bréf frá SÍ eru birt í Gagnagátt og Réttindagátt og þar er hægt að fylgjast með réttindum sem lúta að hjálpartækjum, sérfræðiþjónustu, tannlækningum, lyfjum og fleira.

Í umsókninni skal ávallt koma fram mat á þörf fyrir hjálpartæki, lýsing á skertri færni og rökstuðningur fyrir vali á hjálpartæki. Þegar um er að ræða fyrstu umsókn er umsögn heilbrigðisstarfsmanns nauðsynleg (ICD númer og sjúkrasaga skv. sjúkraskrá). Eyðublöð er varða upplýsingar um tæki, skulu fylgja eftir því sem við á. Mikilvægt er að skrá netfang og símanúmer umsækjanda og tengiliðs, t.d. iðjubjálfa eða sjúkrabjálfa til að auðvelda upplýsingaöflun.

Skrifleg umsókn skal undirrituð af umsækjanda eða fyrir hans hönd, eyðublað má finna á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands, [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is) undir Lyf og hjálpartæki/Hjálpartæki/Sótt um hjálpartæki. Ekki þarf undirskrift þegar umsókn er send úr gátt. Einnig má nálgast eyðublaðið hjá SÍ, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík og umboðum SÍ um land allt. Vinsamlegast notið prentstafi ef eyðublaðið er ekki fyllt út í tölvu.

Nánari upplýsingar varðandi umsóknir og hjálpartæki veita starfsmenn SÍ í síma 515-0100. Bent er á að ýmsar notendaleiðbeiningar um hjálpartæki má finna á heimasíðu SÍ [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is) undir Lyf og hjálpartæki/ Hjálpartæki/ Um hjálpartæki/ Notendaleiðbeiningar.

## Viðhalds- og viðgerðarþjónusta

SÍ hafa gert samning um viðgerðarþjónustu á gervilimum við tvö fyrirtæki, þ.e. Stoð og Össur. Gildir einu hvort sama fyrirtækið og smíðaði stoðtækið í upphafi gerir við það eða annað fyrirtæki svo framarlega sem tveggja ára ábyrgð framleiðanda sé fallin úr gildi. Notendur geta valið til hvers ofangreindra fyrirtækja þeir leita með viðgerðir og viðhald stoðtækis. Fyrstu og aðra viðgerð á gervilimum á ári greiðir SÍ að fullu, en síðari viðgerðir 70%. Tilgreint verð miðast við 1. janúar 2020 og getur breyst samkvæmt ákveðnum reglum.

Fyrirtæki	Tímavinna m/vsk	Álagning á varahluti
<b>Stoð</b>	<b>kr. 23.800</b>	45% f/sérpantanir 25% f/vörur á lager
<b>Össur</b>	<b>Kr. 24.800</b>	35%

# Vörulisti gervilima









## 0618 Gervihandleggir








- 06 18 06 Gervihandleggir frá úlnlið
- 06 18 09 Gervihandleggir frá framhandlegg
- 06 18 12 Gervihandleggir frá olnboga
- 06 18 15 Gervihandleggir frá upphandlegg
- 06 18 24A Gervihendur, óhreyfanlegar
- 06 18 24B Gervihendur, hreyfanlegar (hreyfðar og ólastýrðar)
- 06 18 24C Gervihendur, rafknúnar
- 06 18 57 Útlitshanskar fyrir gervihendur
- 06 18 25 Krókar fyrir gervihandleggi
- 06 18 26 Gripáhöld fyrir gervihandleggi
- 06 18 30 Gerviúlnliðir fyrir gervihandleggi
- 06 18 33 Gerviölnbogaliðir fyrir gervihandleggi (ekki rafknúnir)
- 06 18 42 Harðar hulsur fyrir gervihandleggi
- 06 18 45 Mjúkar hulsur fyrir gervihandleggi








## 0624 Gervifótleggir










- 06 24 03 Gerviframleistar (þ.m.t. táfyllingar)
- 06 24 06 Gervifótleggir frá ökklið
- 06 24 09 Gervifótleggir frá kálfa
- 06 24 12 Gervifótleggir frá hné
- 06 24 15 Gervifótleggir frá læri
- 06 24 18 Gervifótleggir frá mjöðm
- 06 24 27A Gervifætur - framleistafætur með gerviökklið
- 06 24 27B Gervifætur - framleistafætur án gerviökkliðs
- 06 24 27C Gervifætur - ökkliðir
- 06 24 32 Snúningsliðir fyrir gervifótleggi
- 06 24 31 Höggdempapar í gerviliði fyrir gervifótleggi
- 06 24 33 Gervihnéliðir fyrir gervifótleggi
- 06 24 40 Mjúkar hulsur fyrir gervifótleggi
- 06 24 41A Harðar hulsur fyrir gervifótleggi frá kálfa
- 06 24 41B Harðar hulsur fyrir gervifótleggi frá læri
- 06 24 47 Útlitsfætur/útlitsklæðning fyrir gervifætur
- 06 24 91 Stúfsokkar vegna gervifótleggja
- 06 24 92 Gervibaðfótleggir frá kálfa
- 06 24 93 Gervibaðfótleggir frá læri















06 18 06 Gervihandleggir frá úlnlið (án liða, innri hulsu og gervihanda/-króka)						
						
	<b>061806A01</b>	<b>061806B01</b>	<b>061806B11</b>			
	Fl.	Utfærsla með tilliti til virkni og tengibúnaður	Hulsa bygging og efni	Útlit	M	Verð m/vsk
Stoð 061806A01 Stoð	E H O	Heil hulsu, stúf stungið beint ofan í hulsuna með t.d. Svamp eða gelhulsa	Trefjar og eða nylon, acryl	1	ISK	600.000
Stoð 061806B01 Stoð	E H O	Heil hulsu með góðum styrk, stúf stungið beint ofan í hulsuna með t.d. Svamp eða gelhulsa. Með læsibúnaði í botni	Trefjar, nylon, acryl, læsibúnaður í botni	1	ISK	799.000
Stoð 061806B11 Stoð	E H O	Heil hulsu með góðum styrk, stúf stungið beint ofan í hulsuna með t.d. Svamp eða gelhulsa, upphandleggsstýring og botnfesting	Trefjar, nylon, acryl, læsibúnaður í botni, skinn, plastplata, riflás	1	ISK	925.000
						
	<b>061806E01</b>	<b>061806G01</b>	<b>061806G02</b>			
Stoð 061806E01 Stoð	H	Hörð hulsu opin að ofan, liðar um úlnlið, hentar f einstaklinga sem hafa t.d. Hluta af úlnlið til að hreyfa á mótí.	Trefjar, nylon, acryl, liðunarbúnaður, skinn, riflás	1	ISK	699.000
Stoð 061806G01 Stoð	E H	Útlitshendi óvirk, stúf stungið beint inn í hendina, hægt að sveigja finger, 3ja lita útlitlitun	Silikon, vír, acryl	3	ISK	1.428.000
Stoð 061806G02 Stoð	E H	Útlitshendi óvirk, stúf stungið beint inn í hendina, hægt að sveigja finger, 5 lita útlitlitun	Silikon, vír, acryl	3	ISK	1.740.000
						
	<b>061806H07</b>	<b>061806H08</b>	<b>061806H09</b>			
Stoð 061806H07 Procosil	E	Sérgerður Útlits-Silikonfinger 2 finger fjöllita útlitlitun	Silikon, athafnir, ósk notanda	4	EUR	985.000
Stoð 061806H08 Procosil	E	Sérgerður Útlits-Silikonfinger 3 finger fjöllita útlitlitun	Silikon, athafnir, ósk notanda	4	EUR	1.393.000
Stoð 061806H09 Procosil	E	Sérgerður Útlits-Silikonfinger 4 finger fjöllita útlitlitun	Silikon, athafnir, ósk notanda	4	EUR	1.470.000

06 18 06 Gervihandleggir frá úlnlið (án liða, innri hulsa og gervihanda/-króka)						
						
	061806H13	061806H14	061806P04			
Stoð	Fl.	Utfærsla með tilliti til virkni og tengibúnaður	Hulsa bygging og efni	Utlit	M	Verð m/vsk
Stoð 061806H13 APS	E	Sérgerð Útlits-Silikonhendi fyrir hluta-aflimun með styrktum fingrum fjöllita útlitslitun með 1. mót	Silikon, athafnir, ósk notanda	4	EUR	1.950.000
Stoð 061806H14 APS	E	Sérgerð Útlits-Silikonhendi fyrir hluta-aflimun með styrktum fingrum fjöllita útlitslitun endursmíði eftir 1. mót	Silikon, athafnir, ósk notanda	4	EUR	1.800.000
Stoð 061806P04 Procosil	E	Sérsmíðuð Útlits-Silikonhendi með framhandleggs "cover" að olnboga og styrktum fingrum fjöllita útlitslitun	Silikon, athafnir, ósk notanda	4	EUR	2.203.000
						
	061806P05					
Stoð 061806P05 Procosil	E	Sérsmíðuð Útlits-Silikonhendi með styrktum fingrum fjöllita útlitslitun	Silikon, athafnir, ósk notanda	4	EUR	2.250.000
						
	U061806-1000	U061806-1001	U061806-1002			
Össur U061806-1000 Össur	E-H	Gervihendi frá úlnlið fyrir sérgerðan útlitshanska. Plöstuð hulsa þar sem innri hendi og hanski festast við. Festing með silikonhulsu	Glertrefjar. Acrylplast. F. börn og fullorðna	1	USD	735.300
Össur U061806-1001 Össur	E-H	Gervihendi frá úlnlið fyrir einfaldan útlitshanska. Plast hulsa þar sem innri hendi og hanski festast við. Gert ráð fyrir úlnliðstengi. Festing með silikonhulsu	Glertrefjar. Acrylplast. F. börn og fullorðna	1	USD	751.600
Össur U061806-1002 Össur	O	Gervihendi frá úlnlið fyrir vinnukrök eða annan búnað. Ólastýribúnaður. Festing með silikonhulsu	Glertrefjar. Acrylplast. Ólar og tengi. F. fullorðna og virka notendur	1	USD	1.174.300

06 18 06 Gervihandleggir frá úlnlið (án liða, innri hulsa og gervihanda/-króka)						
						
	U061806-1003	U061806-1004	U061806-1005			
Fl.	Utfærsla með tilliti til virkni og tengibúnaður	Hulsa bygging og efni	Utlit	M	Verð m/vsk	
Össur U061806-1003 Össur	R Gervihendi frá úlnlið fyrir rafmagnshendi og rafmagnsbúnað. Festing með silikonhulsa	Glertrefjar. Acrylplast. Festingar fyrir rafbúnað. F. fullorðna	1	USD	1.334.300	
Össur U061806-1004 Össur	E-H Gervihendi . Einföld hendi eða útlitshendi. F. fasta hendi og hanska. Silikonhulsa eða lofttæmi	Glertrefjar. Acrylplast. F. börn og fullorðna	1	USD	608.700	
Össur U061806-1005 Össur	R Gervihendi frá úlnlið fyrir rafmagnshendi og rafmagnsbúnað. Festing með silikonhulsa	Glertrefjar. Acrylplast. Festingar fyrir rafbúnað. F. börn	1	USD	1.272.000	
						
	U061806-1007	U061806-1008	U061806-1010			
Össur U061806-1007 Össur	E Gervihendi frá úlnlið þar sem kjarni og ytri útlitshluti eru sambyggð. Fyrir 1-4 fingur. Sérsmálað eftir ljósmyndum og móti.	Silikon. Fylling	4	USD	1.643.000	
Össur U061806-1008 Össur	E Gervihendi frá úlnlið þar sem kjarni og ytri útlitshluti eru sambyggð. Fyrir alla fingur. Sérsmálað eftir ljósmyndum og móti.	Silikon. Fylling	4	USD	2.145.800	
Össur U061806-1010 Össur	R Gervihendi frá úlnlið. Sérsmíðuð hendi fyrir rafknúna fingur, sjá flokk 061824C. Fyrir 5 rafmagnsfingur	Koltrefjar. Málmur	1	USD	990.000	
						
	U061806-1020					
Össur U061806-1020 Össur	R Gervihendi frá úlnlið. Sérsmíðuð hendi fyrir rafknúna fingur, sjá flokk 061824C. Fyrir 1-4 rafmagnsfingur	Koltrefjar. Málmur	1	USD	890.000	



















06 18 09 Gervihandleggir frá framhandlegg (án liða, innri hulsa og gervihanda/-króka)							
							
	061809A01	061809A02	061809A11				
	FI	Utfærsla með tilliti til virkni og tengibúnaður		Hulsa bygging og efni	Utlit	M	Verð m/vsk
Stoð 061809A01 Stoð	OS	Hörð hulsa, einingakerfi, klædd svampi, létt með supracondylar festingu		Trefjar og/eða nylon, acryl og einingakerfi.	1	ISK	815.000
Stoð 061809A02 Stoð	HE	Hörð hulsa, einingakerfi, klædd svampi, létt með supracondylar festingu		Trefjar og/eða nylon, acryl og einingakerfi.	1	ISK	765.000
Stoð 061809A11 Stoð	RO S	Hörð hulsa, m steypum framhandlegg, létt, með supracondylar festingu, stúf stungið beint ofan í hulsu m/án hulsu, sokk		Trefjar og/eða nylon, acryl.	1	ISK	839.000
							
	061809A12	061809B01	061809B02				
Stoð 061809A12 Stoð	HE	Hörð hulsa, m steypum framhandlegg, létt, með supracondylar festingu, stúf stungið beint ofan í hulsu m/án mjúkri hulsu, sokk		Trefjar og/eða nylon, acryl.	1	ISK	825.000
Stoð 061809B01 Stoð	RO S	Mjúk hulsa steyp inn í grind , m steypum framhandlegg, létt, með smellulás festingu, stúf stungið beint ofan í hendi m mjúkri hulsu		Trefjar, nylon, Acryl, polyurethan, silikon	1	ISK	947.000
Stoð 061809B02 Stoð	HE	Mjúk hulsa steyp inn í grind, m steypum framhandlegg, létt, með smellulás festingu, stúf stungið beint ofan í hendi með mjúkri hulsu		Trefjar, nylon, Acryl, polyurethan, silikon	1	ISK	884.000
							
	061809B11	061809B12	061809C01				
Stoð 061809B11 Stoð	RO S	Hörð hulsa, m upphandleggsstýringu og steypum framhandlegg, létt, með/án smellulás festingu,		Trefjar, nylon, Acryl, polyurethan, silikon	1	ISK	1.100.000
Stoð 061809B12 Stoð	HE	Hörð hulsa, m upphandleggsstýringu og steypum framhandlegg, létt, með/án smellulás festingu,		Trefjar, nylon, Acryl, polyurethan, silikon	1	ISK	1.050.000
Stoð 061809C01 Stoð	E	Gervihendi hörð hulsa, m steypum framhandlegg, létt f. útlitshanska, með/án smellulás festingu, stúf stungið beint ofan í hendi m mjúkri hulsu		Trefjar, Nylon, Acryl lás.	2	ISK	891.000





06 18 09 Gervihandleggir frá framhandlegg (án liða, innri hulsu og gervihanda/-króka)						
						
	061809D01	061806E01				
	<b>FI.</b>	<b>Utfærsla með tilliti til virkni og tengibúnaður</b>	<b>Hulsa bygging og efni</b>	<b>Útlit</b>	<b>M</b>	<b>Verð m/vsk</b>
Stoð 061809D01 Stoð	HE	Hörð hulsu, m einingakerfi, létt, með smellulás festingu, stúf stungið beint ofan í hendi m mjúkri hulsu	Trefjar, Nylon, Acryl lás, einingakerfi	1	ISK	840.000
Stoð 061806E01 Fillauer	O	Gervihendi með NEXO hulsutækni. Stúf stungið inni grind með mjúkri hulsu, supracondylar festing, notist með verkfærum. Fyrir mjög virka einstaklinga	Trefjar, Nylon, Acryl	1	SEK	875.000
						
	U061809-1010	U061809-1011	U061809-1012			
Össur U061809-1010 Össur	E - H	Gervihendi frá úlnlið fyrir útlitshanska. Plöstuð hulsu þar sem innri hendi og hanski festast við. Festing með silikonhulsu	Glertrefjar. Acrylplast. F. börn og fullorðna	1	USD	958.700
Össur U061809-1011 Össur	E - H	Gervihendi frá úlnlið fyrir einfaldan útlitshanska. Plöstuð hulsu þar sem innri hendi og hanski festast við. Með úlnliðstengi. Festing með silikonhulsu	Glertrefjar. Acrylplast. F. börn og fullorðna	1	USD	1.103.200
Össur U061809-1012 Össur	O	Gervihendi frá úlnlið fyrir vinnukrók eða annan búnað. Ólastyribúnaður. Festing með silikonhulsu	Glertrefjar. Acrylplast. Ólar og tengi. F. fullorðna og virka notendur	1	USD	1.201.000
						
	U061809-1015	U061809-1016	U061809-1017			
Össur U061809-1015 Össur	E - H	Gervihendi . Einföld hendi eða útlitshendi. F fasta hendi og hanska. Silikonhulsu eða lofttæmi	Glertrefjar. Acrylplast. F. börn og fullorðna	1	USD	608.600
Össur U061809-1016 Össur	E - H	Gervihendi frá úlnlið með tvísteptri hulsu og silikonbrimi á efri hluta til mýkra og betra aðhalds handar á stúf	Glertrefjar. Silicon. F. börn og fullorðna	1	USD	1.194.200
Össur U061809-1017 Össur	E - H	Gervihendi fyrir börn úr lituðu, völsuðu silikonni með styrkingum og festingum fyrir gripáhöld og hendur	Silikon. Styrkingar Endalausir möguleikar í litablöndun	3	USD	786.500

06 18 09 Gervihandleggir frá framhandlegg (án liða, innri hulsa og gervihanda/-króka)						
						
	U061809-1013	U061809-1019	U061809-1014			
	<b>Fl.</b>	<b>Utfærsla með tilliti til virkni og tengibúnaður</b>	<b>Hulsa bygging og efni</b>	<b>Utlit</b>	<b>M</b>	<b>Verð m/vsk</b>
Össur U061809-1013 Össur	R	Gervihendi frá úlnlið fyrir rafmagnshendi og rafmagnsbúnað. Festing með silikonhulsu. Festingar fyrir rafbúnað.	Glertrefjar. Acrylplast. F. fullorðna	1	USD	1.334.300
Össur U061809-1019 Össur	R	Gervihendi frá úlnlið fyrir rafmagnshendi og rafmagnsbúnað. Festing með silikonhulsu. Festingar fyrir rafbúnað.	Glertrefjar. Acrylplast. F. börn	1	USD	1.272.000
Össur U061809-1014 Össur	R	Gervihendi fyrir úlnlið fyrir "Össur T.B" rafmagnshendi. Festing með silikonhulsu. Festingar fyrir rafbúnað	Glertrefjar. Acrylplast. F. börn og fullorðna	1	USD	1.297.800
						
	69000094					
Össur 69000094 Fillauer	E-H	Hitaformanleg hulsa með festingum fyrir verkfæri og gripáhöld. Festing með BOA kerfi	Háhitaplast. Klæðning. Festingar	1	USD	268.000












**06 18 12 Gervihandleggir frá olnboga (án liða, innri husla og gervihanda/-króka)**








						
						
	<b>061812A01</b>	<b>061812B01</b>	<b>061812C01</b>			
	Fl.	Utfærsla með tilliti til virkni og tengibúnaður	Hulsa bygging og efni	Utlit	M	Verð m/vsk
Stoð 061812A01 Stoð	HE O	Gervihendi með supracondyl festingu, einingakerfi, stúf stungið beint ofan í hendi m. t.d. Svamphulsu/gel	Trefjar, nylon, acryl, einingar	1	ISK	855.000
Stoð 061812B01 Stoð	HE RO S	Gervihendi m supracond. fest., steypd framhandl. Mekaniskum bún. stúf stungið beint ofan í hendi m.t.d. Svamphulsu/gel	Trefjar, Nylon, Acryl, Polyurethan	1	ISK	991.000
Stoð 061812C01 Stoð	HE	Gaffalhulsa supracond. fest., einingakerfi. Stuf stungið inn í hulsu m svamphulsu/gel	Trefjar, Nylon, Acryl, Polyurethan, einingakerfi.	1	ISK	885.000
						
						
	<b>061812C02</b>	<b>061812D01</b>	<b>061812D02</b>			
Stoð 061812C02 Stoð	O	Gaffalhulsa supracond. fest., einingakerfi. Stuf stungið inn í hulsu m svamphulsu/gel	Trefjar, Nylon, Acryl, Polyurethan, einingakerfi.	1	ISK	915.000
Stoð 061812D01 Stoð	HE	Gaffalhulsa með smellulás fest, steypd framhandl. Mekaniskum bún. stúf stungið beint ofan í hendi m. t.d. Svamphulsu/gel	Trefjar, nylon, acryl, lás, urethan	1	ISK	957.000
